

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 2014 í máli nr. X-579/2010:

Aresbank S.A.

(Árni Freyr Árnason hdl.)

gegn

Kaupþingi hf.

(Ragna Björk Ragnarsdóttir hdl.)

I.

Mál þetta, sem þingfest var 26. janúar 2011, var tekið til úrskurðar 6. mars sl. Sóknaraðili er Aresbank S.A. en varnaraðili er Kaupþing hf.

Sóknaraðili gerði upphaflega þær dómkröfur í greinargerð sinni að viðurkennd yrði krafa hans á hendur varnaraðila að fjárhæð 27.019.736,34 evrur, sem umreiknist í 4.572.549.981 krónu í kröfuskra varnaraðila, og að krafan nyti stöðu í réttindaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Til vara krafðist hann þess að viðurkennd yrði krafa hans á hendur varnaraðila að fjárhæð 25.779.805,78 evrur, sem umreiknist í 4.362.716.532 krónur í kröfuskra varnaraðila, og að krafan nyti stöðu í réttindaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Loks krafðist sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili krafðist þess í greinargerð sinni að öllum kröfum sóknaraðila yrði hafnað og að staðfest yrði sú afstaða varnaraðila að viðurkenna kröfu sóknaraðila að fjárhæð 4.359.012.238 krónur sem almenna kröfu skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Þá krafðist varnaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

Með sameiginlegri bókun sem aðilar lögðu fram í þinghaldi 16. október 2013 lýsa þeir sig sammála um að krafa sóknaraðila skuli njóta forgangsréttar við slit varnaraðila skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Þá fellst varnaraðili á að viðurkenna hluta af kröfu sóknaraðila með breytingum sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, samtals að fjárhæð 4.359.012.238 krónur (höfuðstóll 4.230.750.000 krónur og samningsvextir 128.262.238 krónur). Sé ágreiningsefni málsins

samkvæmt því afmarkað við það hvort sóknaraðili eigi kröfu um dráttarvexti og kostnað vegna kröfunnar, samtals að fjárhæð 213.537.743 krónur. Verði fallist á þann hluta kröfunnar eru aðilar sammála um að hann njóti rétt hæðar sem forgangskrafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slit varnaraðila.

Endanlegar dómkröfur sóknaraðila eru því þær að viðurkennd verði krafa hans á hendur varnaraðila að fjárhæð 27.019.736,34 evrur, sem umreiknist í kröfuskrá varnaraðila í 4.572.549.981 krónu, og að krafa sóknaraðila njóti stöðu í réttindaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt málskostnaðarreikningi, eða að mati dómsins, og að tekið verði tillit til þess að sóknaraðili er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Endanlegar kröfur varnaraðila eru þær að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að staðfest verði sú afstaða varnaraðila að viðurkenna kröfu sóknaraðila að fjárhæð 4.359.012.238 krónur sem forgangskröfu skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Málavextir

Hinn 26. september 2008 gekk sóknaraðili að tilboði varnaraðila um lánaviðskipti og var viðskiptunum komið á með skeytum í gegnum svokallað SWIFT-samskiptakerfi. Hinn 30. sama mánaðar millifærði sóknaraðili 25.000.000 evra inn á evrureikning varnaraðila hjá Deutsche Bank í Frankfurt í Þýskalandi á þeim kjörum sem aðilar sömdu um. Var lánið með 5,35% vöxtum og var upphafsdagur þess 30. september 2008 en lokadagur 20. janúar 2009. Ekki var um aðra skjalagerð að ræða vegna viðskiptanna en þau SWIFT-skeyti sem fóru milli aðila málsins.

Hinn 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar varnaraðila, vék stjórninni frá og skipaði skilanefnd yfir bankann á grundvelli 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Varnaraðila var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008, en slitameðferð bankans hófst við gildistöku laga nr. 44/2009 hinn 22. apríl 2009 og var bankanum skipuð slitastjórn hinn 25. maí sama ár. Slitastjórn varnaraðila gaf út innköllun til skuldheimtumanna, sem birtist í Lögbirtingablaði 30. júní 2009 og lauk kröfulýsingarfresti 30. desember sama ár.

Sóknaraðili lýsti kröfu í slitabú varnaraðila skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 samtals að fjárhæð 30.228.667 evrur, sem byggðist á framangreindum peningamarkaðsviðskiptum milli aðila. Slitastjórn varnaraðila samþykkti kröfuna með breytingum sem almenna kröfu skv. 113. gr. laga nr. 21/1991. Var fallist á að

viðurkenna höfuðstól kröfunnar, auk samningsvaxta til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 25.757.916 evrur, eða 4.359.012.238 krónur. Hins vegar var hafnað kröfu um dráttarvexti og kostnað. Sóknaraðili mótmælti þessari afstöðu slitastjórnar með bréfi. Í kjölfarið voru sóknaraðilar boðaðir á ágreiningsfund í samræmi við 120. gr. laga nr. 21/1991, en þar sem ekki reyndist unnt að jafna ágreining milli aðila var ágreiningnum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur í samræmi við 2. mgr. 120. gr., sbr. 171. gr., laganna.

Eins og áður segir var mál þetta þingfest hinn 26. janúar 2011. Var málinu þá frestað ótiltekið samkvæmt sameiginlegri ósk aðila meðan beðið væri niðurstöðu í sambærilegum málum þar sem deilt var um hvort lán af sama toga og hér um ræðir nyttu forgangsréttar skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slit fjármálafyrirtækja. Málið var síðan tekið fyrir á ný 7. mars 2013 og lagði sóknaraðili þá fram greinargerð sína, ásamt fylgiskjöllum. Jafnframt féllu þá frá aðild sinni að málinu fjölmargir erlendir kröfuhafar sem andmælt höfðu kröfugerð sóknaraðila við slitameðferðina. Var málinu frestað til 5. apríl sama ár, en varnaraðili lagði þá fram greinargerð sína. Er málið var næst tekið fyrir hinn 10. maí sama ár lýstu aðilar gagnaöflun lokið og var ákveðin aðalmeðferð í því 10. september sama ár. Er málið var tekið fyrir þann dag var aðalmeðferðinni frestað til 16. næsta mánaðar, samkvæmt sameiginlegri ósk aðila, þar sem væntanleg væri niðurstaða í tveimur hæstaréttarmálum sem myndi veita svör við þeim ágreiningi sem uppi væri milli aðila. Í þinghaldinu 16. október sl. lögðu aðilar síðan fram sameiginlega bókun um breytta afstöðu varnaraðila til krafna sóknaraðila, og breytta kröfugerð sóknaraðila vegna þess, eins og fram er komið. Var málinu svo frestað til aðalmeðferðarinnar hinn 6. mars sl.

III.

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Krafa sóknaraðila um íslenska dráttarvexti byggist á því að um samninginn fari eftir íslenskum lögum þar sem innlánið hafi verið lagt inn hjá útibúi varnaraðila á Íslandi. Þannig segi í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar, að hafi ekki verið samið um lagaval skuli um samning gilda lög þess lands sem hafi sterkust tengsl við samninginn. Í 2. mgr. sömu greinar segi svo að líta skuli svo á að það land, þar sem sá aðili sem eigi að efna aðalskyldu samningsins hafi heimilisfesti, sé það land sem samningurinn eigi sterkust tengsl við. Sé sá aðili fyrirtæki beri að beita lögum þess lands þar sem hann hefur aðalstarfsstöð sína. Í þeim kringumstæðum sem hér séu til úrlausnar hafi varnaraðili, sem efna skuli aðalskyldu samningsins, skráða aðalstarfsstöð á Íslandi. Þannig fari um samninginn samkvæmt íslenskum lögum. Með tilliti til þessa sé þess krafist að dráttarvextir verði reiknaðir á innstæðu sóknaraðila frá og með gjalddaga hennar 20. janúar 2009 til og með 22. apríl sama ár, í samræmi við 6. gr. laga nr. 38/2001, eins og venja sé samkvæmt íslenskum lögum. Geri lagaákvæðið engan greinarmun á því hvort krafa sé í íslenskum krónum eða öðrum gjaldmiðli.

Sóknaraðili telji rétt sinn til að fá samþykktan útlagðan kostnað fyrir 22. apríl 2009 tvímælalaust vera fyrir hendi og að slík krafa eigi að njóta forgangsréttar skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Í 1. tl. 114. gr. sömu laga sé tekið fram að kröfur um kostnað af innheimtu kröfu skv. 112. og 113. gr., sem fallið hafi til eftir að úrskurður hafi gengið um að bú væri tekið til gjaldþrotaskipta, teljist til eftirstæðra krafna. Með gagnályktun frá þessu ákvæði hljóti kostnaður við innheimtu kröfu fyrir úrskurðardag að njóta sömu réttshæðar og krafan sjálf.

Sóknaraðili hafi lagt fram ítarlegar upplýsingar sem gefi í smáatriðum nákvæmar upplýsingar um kostnað hans. Hafi varnaraðili ekki fært fram nein rök fyrir því að hafna beri þeim kostnaði.

IV.

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili kveðst alfarið hafna kröfu sóknaraðila um dráttarvexti frá gjalddaga kröfunnar þegar af þeirri ástæðu að ekki liggi til grundvallar samningur milli aðila sem kveði á um dráttarvexti af kröfunni komi til vanefnda á henni.

Varnaraðili byggir á því að spænsk lög gildi um samning aðila og þar sem erlend lög gildi um samninginn geti hann þegar af þeirri ástæðu ekki borið vexti samkvæmt lögum nr. 38/2001. Ljóst sé að lánveiting sóknaraðila sé aðalskylda samningsins í skilningi 4. gr. laga nr. 43/2000 en ekki endurgreiðsla lánsins, enda sé sú skylda, það er að veita lán samkvæmt lánessamningi, mun sértækari en hin almenna skylda til að endurgreiða lán. Þar sem sóknaraðili hafi borið að efna aðalskyldu samningsins hafi samningurinn skv. 4. gr. laga nr. 43/2000 sterkust tengsl við Spán, þar sem sóknaraðili hafi þar aðalstöðvar sínar. Af c-lið 1. mgr. 10. gr. sömu laga leiði að spænsk lög gildi um afleiðingar vanefnda viðskiptanna og þar með talið heimild til að krefja um dráttarvexti. Mótmælt sé þeirri staðhæfingu sóknaraðila að íslensk lög gildi um samninginn þar sem sóknaraðili hafi lagt lánið inn hjá útibúi varnaraðila á Íslandi. Af þeim SWIFT-skeytum sem viðskipti aðila byggji á sé þvert á móti ljóst að lánið hafi verið lagt inn á evrureikning varnaraðila hjá Deutsche Bank í Þýskalandi.

Hafnað sé kröfu sóknaraðila um kostnað á tímabilinu fyrir úrskurðardag, enda verði ekki séð af þeim gögnum sem krafan sé reist á að kostnaðurinn tengist innheimtu kröfunnar eða málshöfðun á því tímabili. Með sömu rökum sé ljóst að krafan geti ekki notið forgangsréttar. Þá sé áréttuð sú meginregla gjaldþrotaskiptaréttar að hver kröfuhafi beri sinn kostnað af því að lýsa og halda fram kröfum sínum á tímabilinu fyrir úrskurðardag.

V.

Niðurstaða

Eins og fram er komið er mál þetta sprottið af viðskiptum milli aðila sem fram fóru með þeim hætti að varnaraðili sendi hinn 26. september 2008 út tilboð á millibankamarkaði í þeim tilgangi að afla sér fjármagns til skemmri tíma. Gekk sóknaraðili að tilboðinu og var viðskiptunum komið á með skeytum í gegnum SWIFT-samskiptakerfið en ekki var gengið frá formlegum samningi milli þeirra um lánin.

Eins og mál þetta liggur nú fyrir lýtur ágreiningur málsaðila annars vegar að því hvort krafa sóknaraðila skuli bera íslenska dráttarvexti. Ekki er um það deilt að í framangreindum samningi þeirra var hvorki um það samið hverjar skyldu vera afleiðingar þess að bankinn endurgreiddi ekki innstæðuna á réttum gjalddaga né hvers lands lögum skyldi beita um réttarágreining sem kynni að leiða af samningi þeirra. Krafa sóknaraðila um endurgreiðslu innlánsins frá varnaraðila er einkaréttarleg samningsskuldbinding í skilningi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 43/2000, um lagaskil á sviði samningaréttar. Ljóst er að lagaval verður ekki með vissu talið leiða af samningnum sjálfum eða öðrum atvikum, sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Af því leiðir að beita ber lögum þess lands sem samningur aðila hefur sterkust tengsl við, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 2. mgr. sömu greinar er kveðið á um að almennt skuli litið svo á að samningur hafi sterkust tengsl við það land þar sem aðili sem efna á aðalskyldu samningsins hefur aðalstöðvar sínar. Fyrir liggur að í samningi aðila fólst skylda beggja til að greiða hinum peninga og verður ekki út frá því metið hvor skyldan setji meira mark á samninginn, enda á leiðbeining 2. mgr. 4. gr. einungis við sé unnt að afmarka aðalskyldu samnings, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Þá á leiðbeining 2. mgr. ekki við verði af aðstæðum öllum ráðið að samningurinn í heild hafi ríkari tengsl við annað land en það sem leiða myndi af leiðbeiningunni í 2. mgr.

Eins og fyrir segir var umrætt innlán til varnaraðila veitt af sóknaraðila, sem er spænskur banki, það var veitt í gjaldmiðli Spánar, evrum, og var greitt inn á reikning varnaraðila hjá Deutsche Bank í Þýskalandi. Með hliðsjón af þessu verður að fallast á það með varnaraðila að tengsl samnings aðilanna séu sterkari við Spán heldur en Ísland og beri því að beita spænskum lögum um það hvort sóknaraðili eigi rétt á dráttarvöxtum og þá hversu háir þeir skuli vera. Samkvæmt þessu verður að hafna þeirri kröfu sóknaraðila að reikna skuli íslenska dráttarvexti á kröfu hans.

Sóknaraðili krefst þess hins vegar að útlagður kostnaður hans vegna málsins, sem fallið hafi til fyrir 22. apríl 2009, verði viðurkenndur sem forgangskrafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991. Vísar hann í því sambandi til yfirlits yfir þann kostnað sem

sóknaraðili hafi haft af lögmannsþjónustu, ásamt meðfylgjandi ljósriti reikninga. Af gögnum þessum verður hins vegar ekkert um það ráðið hvað af þeim lögmannskostnaði sem þar er tilgreindur, og aðeins að hluta virðist hafa fallið til fyrir fyrrgreindan viðmiðunardag slitameðferðarinnar, tengist því máli sem hér er til úrlausnar. Með hliðsjón af því verður þegar af þeirri ástæðu að hafna þessari kröfu sóknaraðila.

Eftir úrslitum málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til þess að mál þetta er eitt af þremur málum milli sömu aðila sem rekin hafa verið samhliða, enda ágreiningsefnið það sama.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðila, Aresbank S.A., að fjárhæð 4.359.012.238 krónur, er viðurkennd sem forgangskrafa skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila Kaupþings hf.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 300.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon